



## Spáum lækkun verðbólgu í janúar

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs (VNV) þriðjudaginn 29. janúar.

Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,5% lækkun vísitölnunnar milli mánaða.

Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 3,7% í 3,3%.

Vísitalan hækkaði um 0,75% í desember, en opinberar spár lágu á bilinu +0,5% til +0,8%. Við spáðum +0,6%.


### Helstu undirlíðir:

- **Föt og skór** lækka venjulega milli mánaða í janúar þegar útsölur standa sem hæst. Við búumst við að útsölnar verði svipaðar og síðustu tvö ár þegar verð á fatnaði og skóm lækkaði um 10% milli desember og janúar.
- Við búumst einnig við að áhrif útsala á verð **húsgagna og heimilisbúnaðar** verði svipuð og í fyrra.
- Að sama skapi lækkar liðurinn **tómstundir og menning** milli mánaða vegna útsala á raftækum. Á móti vegur venjubundin lækkun á æfingagjöldum í janúar.
- Samkvæmt verðkönnun okkar lækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 0,6% milli mánaða. Hérna vegast á lækkun á heimsmarkaðsverði olíu og lækkun opinberra skatta og gjalda á eldsneyti.
- Á mánudag kom til framkvæmda verðhækkun á þjónustu Strætó bs. Hækkunin var að meðaltali 4,9%. Vegna þess hversu lítið vægi þjónusta strætó hefur í liðnum **ferðir og flutningar – annað** verða áhrif þess hverfandi.
- Verðkönnun okkar í verðsjá fasteigna bendir til að **reiknuð húsaleiga** lækki milli mánaða.
- **Áfengi og tóbak** hækkar vegna hækkana á opinberum gjöldum.
- Gjaldskrárhækkunar á hita, rafmagni og fráveitþjónustu, sem koma til framkvæmda í janúar, skýra að mestu hækkun á **húsnæði án reiknaðar húsaleigu**.

Spá okkar nú er 0,1 prósentustigi lægri en bráðabirgðaspá okkar frá því í desember. Breytingin skýrist að mestu af sterkara gengi krónu auk þess sem

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Föt og skór	3,6%	-10,5%	-0,38%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-6,65%	-0,26%
Tómst. og menning	9,7%	-0,47%	-0,05%
Reiknuð húsaleiga	21,4%	-0,20%	-0,04%
Bensín og díselolía	3,2%	-0,60%	-0,02%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	-1,38%	-0,02%
Póstur og sími	2,1%	-0,45%	-0,01%
Kaup ökutækja	8,7%	-0,08%	-0,01%
Menntun	0,7%	0,24%	0,00%
Heilsa	3,9%	0,14%	0,01%
Ferðir og flutningar - annað	3,9%	0,21%	0,01%
Matur og drykkjarv.	11,3%	0,29%	0,03%
Hótel og veitingast.	5,0%	0,70%	0,04%
Aðrar vörur og þjónusta	5,7%	0,86%	0,05%
Áfengi og tóbak	2,4%	2,50%	0,06%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,2%	0,94%	0,12%
Alls	100,0%		-0,47%

### Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



við gerum ráð fyrir lítils háttar lækkun á reiknaðri húsaleigu í stað lítils háttar hækkun áður.

### Búumst við 3,3% verðbólgu í mars á næsta ári

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Feb.: +0,6% milli mánaða, 3,3% ársverðbólga.
- Mar.: +0,5% milli mánaða, 3,2% ársverðbólga.
- Apr.: +0,1% milli mánaða, 3,3% ársverðbólga.

Eins og oft áður er töluvert mikil óvissa um þróun verðbólgu næstu mánuði. Í því sambandi eru nokkur atriði sem vert er að fylgjast sérstaklega með núna.

### Aukin harka í kjaramálum

Aukin harka virðist vera að myndast í kjaramálum og ljóst að einhver stéttarfélög gætu farið að undirbúa verkfallsaðgerðir á næstu vikum fari ekki að nást árangur við gerð kjarasamninga. Viðræður atvinnurekenda eru hins vegar í gangi við marga aðra hópa þannig að staðan er óljós. Það er ólíklegt að mikið svigrúm sé hjá atvinnurekendum til að koma í veg fyrir að miklar launahækkanir smitast út í verðlag að þessu sinni.

### Seðlabankinn virkur á gjaldeyrismarkaði

Seðlabankinn er búinn að vera nokkuð virkur á gjaldeyrismarkaði upp á síðkastið. Yfirlýst stefna bankans með þessum aðgerðum er að sporna gegn spiralamyndun á gjaldeyrismarkaði sem hefði í för með sér óþarfa flökt á genginu. Ef vel tekst til ætti þetta að skila sér í meiri stöðugleika í verðbólgu.


### Afnám hafta gæti haft áhrif

Nýlega samþykkti ríkisstjórnin að leggja fram frumvarp um losun aflandskróna, en alls er um að ræða 84 ma.kr. Seðlabankinn er búinn að lýsa því yfir að hann ætli ekki að leyfa lausn þessa fortíðarvanda að valda því að gengi krónunnar lækki núna. Í lok árs 2018 var gjaldeyrisforði Seðlabankans 770 ma.kr. þannig að það er ljóst að hann hefur verulegt bolmagn til þess, en það á eftir að koma í ljós hversu vel tekst til.

### Verðbólgan orðin almennari


Síðasta sumar var fjöldi undirliða sem höfðu lækkað á tólf mánaða tímabili lítilllega fleiri en þeirra sem höfðu hækkað. Í síðustu mælingu Hagstofunnar frá því í desember höfðu hins vegar 83% undirliða hækkað, en einungis 15% lækkað. Það er því ljóst að

### Mánaðarbreyting VNV í janúar




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Verðbólguþspár



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Breyting undirliða á tólf mánaða tímabili




Alls 168 undirliðir  
Heimild: Hagstofa Íslands



verðbólgan er orðin mjög almenn. Það er eðli verðbólgu að hún á það til að nærast á sjálfri sér ef henni er gefinn laus taumur.

### ***Óvissa í þróun fasteignaverðs og olíu***

Þessu til viðbótar má benda á að töluvert mikil óvissa ríkir um verðbreytingar á innlendum fasteignamarkaði til næstu mánaða og breytingar á heimsmarkaðsverði olíu. Báðir þættir og sérstaklega sé fyrri hefur umtalsvert mikil áhrif á verðbólguþróun.



Jan-apr. 2019 er spá Hagfræðideildar. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafin um einn mánuð.

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.